



# ÁRSUPPGJÖR ORIGO

---

KYNNINGARFUNDUR 30. JANÚAR 2020

FINNUR ODDSSON, FORSTJÓRI

GUNNAR PETERSEN, FJÁRMÁLASTJÓRI





## DAGSKRÁ

---



NIÐURSTÖÐUR  
FRÉTTIR AF STARFSEMI  
FJÁRHAGUR  
HORFUR

# HELSTU UPPLÝSINGAR

	2019 F4	%	2019 12M	%
Tekjur	4.336 mkr	5,7% (-2,8%) YOY*	14.845 mkr	7,5% (-5,5%) YOY*
Framlegð	1.325 mkr	30,6% af tekjum	3.845 mkr	25,9% af tekjum
Heildarhagnaður (Tap)	90 mkr	2,1% af tekjum	456 mkr	3,1% af tekjum
EBITDA	302 mkr	7,0% af tekjum	1.006 mkr	6,8% af tekjum

## FRÉTTIR AF STARFSEMI

---



# FRÉTTIR AF STARFSEMI SAMSTÆÐU ORIGO

## STARFSEMI ORIGO GEKK ÁGÆTLEGA Á ÁRINU

- Heilt yfir gekk starfsemi Origo ágætlega á árinu – en misskipt eftir sviðum
- Ögrandi rekstraraðstæður
- Afkoman borin uppi af starfsemi hugbúnaðareininga félagsins
- Breytingar á lausnaframboði Origo og þörfum viðskiptavina – stafræn vegferð
- Mikið fjárfest í þróun á eigin lausnum
- Afkoma rekstrarþjónustu og búnaðarsölu í járnum
- Árið nýtt til endurskipuleggja rekstur á lykilsviðum Origo
- Kaup á rekstrareiningum og hugbúnaði til að breikka og dýpka lausnaframboð
- Markmið Origo að geta sinnt öllum þörfum viðskiptavina þegar kemur að stafrænum lausnum
- Ávinningur til hluthafa – 1,8 miakr með arði og endurkaupum



# FRÉTTIR AF STARFSEMI

## Notendabúnaður og tengd þjónusta

## Rekstrarþjónusta og innviðir

## Hugbúnaður og tengd þjónusta

- **Heildartekjur 1,6 miakr á fjórða ársfjórðungi og 5,6 miakr árið 2019**
- Ágætis tekjuvöxtur bæði á fjórða ársfjórðungi og á árinu 2019 (um 20%), m.a. vegna kaupa á Tölvutek og Strikamerki
- Umsvif veruleg en afkoma er óviðunandi
- Vaxandi samkeppni í sölu á búnaði, þrýstingur á framlegð og hærri rekstrarkostnaður
- Origo í sterkri stöðu til að bæta afkomu einingarinnar
- Tryggur hópur viðskiptavina
- Þekkt vörumerki
- Öflug netverslun
- Lögð áhersla á að treysta framlegð út frá nýju skipulagi og áherslum sem munu skila jákvæðri afkomu árið 2020
- Gunnar Zoëga var ráðinn framkvæmdastjóri Notendalausna í október 2019



# FRÉTTIR AF STARFSEMI

## Notendabúnaður og tengd þjónusta

## Rekstrarþjónusta og innviðir

## Hugbúnaður og tengd þjónusta

- **Tekjur námu 1,5 miakr á fjórða ársfjórðungi og 4,6 miakr árið 2019**
- Lítilsháttar samdráttur í tekjum og afkoma undir væntingum
- Minni sala á miðlægum innviðum – meira horft til skýjaþjónusta og útvistunar
- Endurskipulagning á lausnaframboði og rekstri til að hagræða og koma betur til móts við þarfir viðskiptavina
- Lausnaframboð sviðsins hefur verið endurmótað og sérstök áhersla lögð á öryggis- og skýjalausnir
- Origo er samstarfsaðili Microsoft á Íslandi 2020 og samstarfsaðili ársins fyrir innviði og öryggislausnir hjá IBM í Danmörku
- Horfur eru góðar
  - Sala á stærri fyrirtækjalausnum og þjónustusamningum hefur tekið við sér
  - Eftirspurn eftir öryggis og skýjalausnum og sjálfvirknivæðingu viðskiptaferla hefur aukist verulega
  - Aukin hagkvæmni í rekstri og þjónustu



# FRÉTTIR AF STARFSEMI

## Notendabúnaður og tengd þjónusta

## Rekstrarþjónusta og innviðir

## Hugbúnaður og tengd þjónusta

- **Tekjur voru 1,3 miakr á fjórða ársfjórðungi og 4,7 miakr á árinu 2019**
- 7% tekjuvöxtur frá fyrra ári og afkoma mjög góða, batnar á milli ára
- EBITDA í fjórða ársfjórðungi dróst heldur saman – breytingar á verkefnum og aukin fjárfestingar í eigin þróun
- Hugbúnaðartengd starfsemi burðarás hjá Origo
- Tekjustoðir starfseminnar eru bæði fleiri og fjölbreyttari en áður og viðskiptavinum hefur fjölgað verulega
- Fjárfesting í þróun og kaupum á nýjum einingum sem falla vel að lausnaframboði félagsins (t.d. PaxFlow og TBF)
- Mikil eftirspurn eftir viðskiptalausnum SAP og Business Central (Dynamics NAV) og eigin lausnum Origo (Kjarni, Timían, CCQ o.fl.)
- Ágæt eftirspurn eftir þjónustu Applicon
- Horfur mjög góðar






# FRÉTTIR AF STARFSEMI

## Tempo

- Tekjur voru um 30 m\$ á árinu 2019, 37% vöxtur frá fyrra ári
- Afkoma var á áætlun og starfsemi á árinu gekk vel
- Breytingar á leiðtogateymi og reynslumiklir stjórnendur slást í öflugan hóp sem fyrir var
- Samstarf Diversis og Origo hefur gengur vel – mikill stuðningur frá Diversis við starfsemina
- Áhersla á vöruþróun og markaðsstarf til að efla tekjvöxt –Tempo Mobile, Tempo fyrir Zendesk og Tempo Cost Tracker skila tekjum 2020
- Markviss skoðun á kauptækifærum til að efla vöruframboð og aðgengi að nýjum mörkuðum
- Gengið frá kaupum á Prime Timesheets í byrjun janúar – PT er stærsta tímaskráningarlausnin innan Atlassian á eftir Tempo
- Chris Porch ráðinn tímabundið sem forstjóri Tempo ehf. Nýr forstjóri ráðinn á næstu mánuðum
- Horfur í rekstri Tempo eru mjög góðar





# REKSTUR OG EFNAHAGUR 2019

---

GUNNAR PETERSEN  
FJÁRMÁLASTJÓRI

# REKSTRARREIKNINGUR F4 2019

## TEKJUVÖXTUR 5,7% EN EBITDA LÆGRI EN Á SAMÁ TÍMA Í FYRRA

- **6% tekjuvöxtur**

- Tekjur 4,3 miakr
- Nýjar rekstrareiningar Strikamerki, Tölvutek, Pax flow og Booking factory hafa jákvæð áhrif á tekjuvöxt í F4 2019
- Vöxtur áfram í hugbúnaðareiningum
- Samdráttur í sölu á miðlægum innviðum

- **Framlegð 30% sbr við 25% 4F 2018**



- Framlegð 1,3 miakr

- **Rekstrarkostnaður nam 1,1 miakr**

- 27% af tekjum sbr. 20% af tekjum á sama tíma í fyrra
- Fjölgun stöðugilda og hærri launakostnaði sbr. við 4F 2018
- Stöðugildi Q4 2018 495 en í lok árs 2019 532
- Innleiðingarkostnaður á nýjum rekstrareiningum
- Samlegð skilar sér árið 2020

- **EBITDA án IFRS 16 lækkar um 22%**



- Q4 2018 var einn besti fjórðungur í sögu Origo
- Ágætur fjórðungur mv. síðustu tvö ár
- Meiri stöðuleiki í EBITDA



# REKSTRAREIKNINGUR 2019

## TEKJUVÖXTUR 7,5% OG EBITDA HÆKKAR Á MILLI ÁRA

- **8% tekjuvöxtur á árinu**
  - Tekjur 14,9 miakr á árinu
  - Nýjar rekstrareiningar Strikamerki, Tölvutek, Pax flow og Booking factory hafa jákvæð áhif á tekjuvöxt á seinnihluta árs
  - Tekjuvöxtur í Notendabúnaði og Hugbúnaðareiningum
  - Tekjur lækka í Rekstrarþjónustu og Innviðum
- **Framlegð nam 26%**
  - Framlegð 3,8 miakr
  - Framlegðarprósenta lækkar á milli ára var 26,6% árið 2018
  - Þrýstingur á framlegð í vörusöluhlutanum með veltuaukningu
- **Rekstrarkostnaður nam 3,4 miakr**
  - 23% af tekjum en var 22,6% árið 2018
- **EBITDA hækkar um 9% milli ára**
  - EBITDA 1.006 mkr með IFRS áhrifum
  - Með Tempo inni í tölum 2018 lækkar EBITDA um 10,8% á milli ára



# REKSTRARREIKNINGUR 2019

HREINAR FJÁRMUNARTEKJUR OG ÞYÐINGARMUNUR STÓRIR LIÐIR EN HAFA LÍTIL ÁHRIF Á HEILDARHAGNAÐ

- **Hreinar fjármunatekjur námu 325 mkr**
  - Árið 2018 kom undir þennan lið 5 miakr vegna sölu á 55% eignarhlut í Tempo
  - Aðrar fjármunatekjur eru 476 mkr en þar er stærsti liðurinn innleystur þýðingarmunur vegna slita á dótturfélagi - þetta er liður sem fer svo út úr Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé og hefur því engin áhrif á Heildarhagnað
  - IFRS áhrif koma inn í bæði fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
- **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé námu 222 mkr**
  - Þýðingarmunur vegna starfsemi dóttur og hlutdeildarféлага var 118 mkr - þetta er Tempo
  - Innleystur þýðingarmunur vegna slita/sölu á dótturfélagi kemur svo hér aftur - 340 mkr


Í milljónum ISK	2019	2018
Seldar vörur og þjónusta	14.845	15.717
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þj.	(11.000)	(11.543)
<b>Framlegð</b>	<b>3.845</b>	<b>4.173</b>
Rekstrarkostnaður	(3.426)	(3.682)
<b>Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>419</b>	<b>491</b>
Áhrif af sölu á eignarhlut í Tempo ehf.	0	5.098
Aðrar fjármunatekjur	476	80
Fjármagnsgjöld	(151)	(113)
<b>Hrein (fjármagnsgjöld) fjármunatekjur</b>	<b>325</b>	<b>5.064</b>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	9	(22)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>753</b>	<b>5.534</b>
Tekjuskattur	(74)	(94)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>678</b>	<b>5.440</b>
Þýðingarmunur vegna starfsemi dóttur og hlutdeildarféлага	118	6
Innleystur þýðingarmunur vegna slita/sölu á dótturfélagi	(340)	(27)
<b>Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé alls</b>	<b>(222)</b>	<b>(20)</b>
<b>Heildarhagnaður ársins</b>	<b>456</b>	<b>5.420</b>
<b>EBITDA</b>	<b>1.006</b>	<b>1.128</b>

# REKSTUR OG EBITDA

## 12 MÁNUÐIR – HELSTU ÁHRIFAFÆTTIR

- **Helstu breytingar á EBITDA á milli ára eru:**

- Tempo fer út úr rekstrinum, heildaráhrif 495 mkr á EBITDA
- **Origo skilar 81 mkr hærri EBITDA en í fyrra**
- Applicon Svíþjóð skilar 5 mkr hærri EBITDA en í fyrra
- Ný félög eru með 29 mkr EBITDA tap
- IFRS 16 áhrif á EBITDA árið 2019 eru 316 mkr



# EFNAHAGSREIKNINGUR

## STERKUR EFNAHAGUR STYÐUR VIÐ ÁFRAMHALDANDI VÖXT

- **Rekstrarfjármunir hækka um 1,5 miakr**
  - Hækkun að mestu vegna IFRS 16
  - Eignfærðar leigðar eignir standa í 1,4 miakr
  - Aðrir rekstrarfjármunir standa í 660 mkr
- **Birgðir lækka um 330 mkr**
- **Handbært fé lækkar um 2,3 miakr**
  - Greiddur arður 1 miakr
  - Kaup á eigin bréfum 767 mkr
  - Fjárfest í rekstrarfjármunum
  - Yfirtaka á rekstrareiningum 338 mkr
- **Leiguskuldbinding vegna IFRS 16 kemur inn í langtímaskuldir og skammtímaskuldir**
- Bæði langtíma og skammtíam **vaxtaberandi skuldir lækka**
- **Skuldsetningarhlutfall net Debt/EBITDA -0,3**
  - Skuldsetning undir langtíma fjárstýringarstefnu
- **Sterkur efnahagur til að styðja við áframhaldandi vöxt og fjárfestingar**


Í milljónum ISK	31.12.2019	31.12.2018
Rekstrarfjármunir	2.029	533
Óefnislegar eignir	2.845	2.437
Tekjuskattseign	18	43
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	2.684	2.698
Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur	161	13
<b>Fastafjármunir</b>	<b>7.738</b>	<b>5.724</b>
Birgðir	1.321	1.647
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	2.000	1.802
Handbært fé	826	3.175
<b>Veltufjármunir</b>	<b>4.147</b>	<b>6.625</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>11.885</b>	<b>12.349</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>6.817</b>	<b>8.194</b>
Vaxtaberandi langtímaskuldir	579	757
Leiguskuldbindingar	1.392	0
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>1.972</b>	<b>757</b>
Næsta árs afborgun leiguskuldbindinga	310	0
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	61	124
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.725	3.273
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>3.095</b>	<b>3.397</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>11.885</b>	<b>12.349</b>

# STERKUR EFNHAGUR


## HELSTU HLUTFÖLL Í TAKTI VIÐ MARKMIÐ

- Sterkur efnahagur
- Eiginfjárlutfall yfir markmiði
- Veltufjárlutfall innan markmiðs
- Skuldastaða verður líklega innan marka eftir greiðslu arðs fyrir árið 2019


Net Debt/EBITDA án IFRS



Eiginfjárlutfall



Veltufjárlutfall





# SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

## Handbært fé frá rekstri

### 2018

- Rekstur í F4 2018 var góður sem og viðskiptaskuldir voru óvenju miklar

### 2019

- Skuldir sem söfnuðust upp í F4 2018 voru greiddar niður í F1 2019 sem skýrir neikvætt handbært fé frá rekstri
- EBITDA var 1.006 mkr á árinu
- Birgðir hafa lækka um 389 mkr á árinu
- Viðskiptaskuldir lækka um 533 mkr á árinu
- **Handbært fé frá rekstri alls 630 mkr á árinu 2019**

## Fjárfestingar


### 2018 Tölur úr ársreikning með Tempo ehf:

- Fjárfestingar í rekstrarfjármunum voru **230 mkr**
- Fjárfestingar í óefnislegum eignum voru **732 mkr**
- Fjárfestingar í rekstrareiningum var **242 mkr**


### 2019

- Fjárfestingar í rekstrarfjármunum voru **332 mkr**
- Fjárfestingar í óefnislegum eignum var **193 mkr**
- Fjárfesting í rekstrareiningum var **338 mkr**

## Handbært fé frá rekstri (m. ISK)



## Fjárfestingar



# NÝR SAMNINGUR UM VIÐSKIPTAVAKT VIÐ LANDSBANKANN

## TILGANGUR AÐ EFLA VIÐSKIPTI OG VERÐMYNDUN

- **Dagleg kaup- og sölutilboð að lágmarki 8.000.000 kr. að markaðsvirði.**
- **Hámarksmagn** sem Landsbankinn er skuldbundinn til að kaupa eða selja á hverjum degi er **nettó kr. 16.000.000** að markaðsvirði sem reiknast sem mismunur á þeim kaup- og sölutilboðum viðskiptavakans sem gengið er að. Sé hámarksmagni dagsins náð, fellur niður skylda viðskiptavakans til að setja fram tilboð á þeirri hlið sem fyllt hefur verið, þar til gengið hefur verið á tilboð viðskiptavakans á mótlægri hlið og nettó viðskiptamagn er aftur komið undir daglegt hámark.
- **Hámarksmunur á kaup- og sölutilboðum mun vera magnveginn auk þess að ákvarðast af 10 daga flökti á verði hlutabréfa**
  - Sé birt 10 daga flökt minna eða jafnt og 20% skal magnvegið verðbil vera að hámarki 1%
  - sé birt 10 daga flökt hærra en 20% en lægra en 35% skal magnvegið verðbil vera að hámarki 2%
  - að lokum ef birt 10 daga flökt er jafnt og eða hærra en 35% skal magnvegið verðbil vera að hámarki 3%



## HELSTU ATRÍÐI OG HORFUR

---

# HELSTU ATRIÐI OG HORFUR

---

## Helstu atriði í uppgjöri

- Hugbúnaðartengd starfsemi orðinn burðarás hjá Origo
- Vinna við hagræðingu á öðrum lykilsviðum vel á veg komin – skilar bata í rekstri 2020
- Fjölbreytt lausnaframboð í UT styður við stafræna vegferð viðskiptavina
- Sterkur efnahagur nýttur til að styðja við áframhaldandi þróun og vöxt og koma ávinningi til hluthafa

## Horfur í rekstri eru góðar og gert ráð fyrir áframhaldandi tekjuvexti og heldur betri afkomu

- Stöðug krafa um aukið hagræði í rekstri fyrirtækja - upplýsingatækni og stafrænar leiðir leika mikilvægt hlutverk



**SPURNINGAR?**

---

# FYRIRVARI

---

*Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu.*

*Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Þessi kynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.*

*Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.*



**.origo.**